

Hæstaréttardómur.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur.

3. hefti.

1996

Nr. 34/1995.

Föstudaginn 17. maí 1996.

**Skólanefnd Þelamerkurskóla
sveitarsjóður Arnarneshrepps
sveitarsjóður Glæsibæjarhrepps
sveitarsjóður Skriðuhrepps
sveitarsjóður Öxnadalshrepps**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

og íslenska ríkið

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Skúla Skúlasyni

(Ástráður Haraldsson hrl.)

Skaðabætur. Miskabætur. Örorka. Skóli.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 1. febrúar 1995 og krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar bóta og niðurfellingar málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem greint er í héraðsdómi, leigði skólanefnd Þelamerkurskóla út húsnæði skólans til hótélrexturs utan skólatíma, og fylgdu því umráð yfir sundlaug staðarins og athafnasvæði við skólann. Heitt vatn hafði lekið úr leiðslum og myndað dý í grassverðinum, þar sem búast mátti við umferð manna og barna. Var vatnið þar

brennheitt, allt að 80°C, og stafaði börnum af því augljós hættu, enda hafði húsvörður skólans leitast við að draga úr hættunni með því að leggja fjalir yfir dýið tveimur dögum fyrir slysið. Stefndi, sex ára gamall, féll í vatnið og skaðbrenndist. Ekki er fram komið, að gáleysi hans eða foreldra hans megi um það kenna.

Fallast ber á með héraðsdómi, að heitavatnsleiðslurnar, sem lágu að sundlauginni, og dýið hafi verið á lóð skólans. Viðhald og frágangur leiðslanna var á ábyrgð áfrýjendanna skólanefndar Þelamerkurskóla og sveitarsjóða hreppanna samkvæmt 28. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sbr. 37. gr. laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hafði af þeirra hálfu verið vanrækt að gera við lekann eða draga úr hættunni af honum eða vekja athygli á henni. Bera þeir því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnda, og verður héraðsdómur staðfestur að því leyti. Ekki er í ljós leitt, að lækni meðferð stefnda á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafi verið með þeim hætti, að hún raski þeirri ábyrgð.

Með lögum nr. 87/1989 voru dregin mörk milli verksviðs ríkis og sveitarfélaga og í VI. kafla þeirra um rekstur skóla sérstaklega. Er í athugasemdum með frumvarpi til laganna lýst þeim tilgangi þessa kafla, að verkefni ríkisins verði að sjá að mestu um hinn uppeldisfræðilega þátt skólastarfsins, en hlutur sveitarfélaga að standa straum af kostnaði við umgjörð þessa starfs, aðbúnað og aðstöðu. Slysið varð ekki í tengslum við skólastarf. Ber áfrýjandinn íslenska ríkið því ekki skaðabótaábyrgð á slysinu, og verður það sýknað af kröfum stefnda.

Með vísan til fram lagðra læknisvottorða ber að fallast á, að stefndi hafi bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins, enda hafa áfrýjendur ekki leitast við að hnekkja örorkumati með læknisfræðilegum röksemdum. Eftir atvikum þykir rétt að ákveða stefnda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska. Þykja bætur hæfilega ákveðnar í héraðsdómi, 1.150.000 krónur. Verður stefnda dæmd sú fjárhæð ásamt vöxtum, sem í dómsorði greinir.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, en málskostnaður milli áfrýjanda íslenska ríkisins og stefnda fellur niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandinn íslenska ríkið skal vera sýkn af kröfum stefnda, Skúla Skúlasonar, í máli þessu. Málskostnaður þeirra í milli fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendurnir skólanefnd Pelamerkurskóla, sveitarsjóður Arnarneshrepps, sveitarsjóður Glæsibæjarhrepps, sveitarsjóður Skriðuhrepps og sveitarsjóður Öxnadalshrepps greiði in solidum stefnda, Skúla Skúlasyni, 1.150.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. ágúst 1991 til 10. september 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags og 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 16. desember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. f. m., hefur Arnmundur Backman hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Reykjavík 27. ágúst 1992, f. h. Skúla Aðalsteinssonar, kt. 300865-5199, Nesbakka 19, Neskaupstað, f. h. ólögráða sonar hans, Skúla Skúlasonar, kt. 010584-2569, s. st., gegn Sturlu Eiðssyni, formanni skólanefndar Pelamerkurskóla, Þúfnavöllum, Hörgárdal, f. h. skólanefndar Pelamerkurskóla, Ingimari Brynjólfssyni oddvita, Ásláksstöðum, f. h. sveitarsjóðs Arnarneshrepps, Eiríki Sigfússyni oddvita, Sílastöðum, f. h. sveitarsjóðs Glæsibæjarhrepps, Hreiðari Aðalsteinssyni oddvita, Öxnahóli, f. h. sveitarsjóðs Skriðuhrepps, Ara H. Jósavinsyni oddvita, Auðnum II, f. h. sveitarsjóðs Öxnadalshrepps og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til heimtu skaðabóta in solidum.

Var stefnan birt fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 28. ágúst 1992, sveitarsjóði Skriðuhrepps 2. september s. á., sveitarsjóði Glæsibæjarhrepps 1. september s. á., skólanefndarformanni Sturlu Eiðssyni, 2. september s. á., sveitarsjóði Arnarneshrepps 1. september s. á. og sveitarsjóði Öxnadalshrepps 2. september s. á., en málið var þingfest 10. september 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði stefnanda in solidum 1.685.815 kr. með dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands í samræmi við 10. og 15. gr. vaxtalaga frá 7. ágúst 1991 og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. ágúst 1992, og málskostnað að mati dómsins. Þá er þess krafist, að tildæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. vaxtalögum.

Aðalkrafa hinna stefndu sveitarsjóða og skólanefndar Pelamerkurskóla

er sú, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu hæfilegan málskostnað að mati dómara. Til vara er þess krafist, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð að mati dómara og málskostnaður niður felldur.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir sömu kröfur og meðstefndu í málinu.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að sunnudaginn 8. júlí 1990 hafi Skúli Skúlason, þá sex ára að aldri, verið staddur ásamt foreldrum sínum á ættarmóti, sem haldið var í húsakynnum Þelamerkurskóla á vegum Ferðaskrifstofunnar Nonna hf. Að morgni þessa sunnudags hafi Skúli verið að leik á skólalóðinni ásamt systur sinni og frænku, en ættingjar að tygja sig í burt af ættarmótinu, og hafi hann þá orðið fyrir því slysi að detta ofan í dý, sem var á lóðinni norðanvert við sundlaugina á staðnum. Af slysi þessu hafi hann hlotið 2. og 3. stigs brunasár á fótum, fótleggjum og upp fyrir mið læri að framanverðu, en upp á rasskinnar að aftanverðu. Einnig hafi getnaðarlimur hans brennst, en alls hafi brennt svæði náð yfir 30% af líkamsyfirborði. Dý þetta eða pyttur hafi myndast vegna leka úr heitavatsleiðslu, sem liggur að sundlauginni, er stendur fyrir sunnan og neðan skólann. Vísað er til lýsingar í vettvangsskýrslu lögreglunnar á Akureyri, sem kom á slyssað, en þar segir, sbr. dskj. nr. 16: „Á vettvangi, þar sem slysið varð, vætlaði heitt vatn upp úr jörðinni, og myndaðist þar dý í lóðina. Þar sem vatnið vætlaði upp, hefur jarðvegur sigið lítillega. Laust gras lá ofan á dýinu að hluta til, svo að ekki var gott að sjá, hvað þarna væri. Dýpi er allt að 70 cm, þar sem það er mest.“ Samkvæmt skýrslu Trausta Halldórssonar húsvarðar, er hann gaf hjá lögreglu, hefði orðið vart við lekann á heitavatsleiðslunni um mánaðamót júní/júlí og lekinn alltaf verið að aukast, en tveimur dögum fyrir slysið hefði Trausti slegið túnið á skólalóðinni og þá fest dráttarvél í umræddu dýi. Hefði hann síðar frétt af því, að tveir strákar hefðu reytt gras og dreift því yfir dýið eftir sláttinn.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu vegna vettvangsskoðunar segi m. a.: „Gat er á leiðslunni, og rennur allmikið af heitu vatni ofanjarðar.“ Og áfram haldi lýsingin: „Ekki hafi verið hirt um að girða þetta af eða merkja það á annan hátt. Af ummerkjum mátti ráða, að þetta ástand væri búið að vara um nokkurn tíma. Myndast hafði farvegur eftir vatnið og grasið sölnað þarna í kring.“

Í skýrslum Karls Erlendssonar, skólastjóra Þelamerkurskóla, segi m. a., að engum hafi dottið í hug, að nokkur gæti álpast þarna ofan í vatnið, þar sem rokið hefði upp úr því. Einnig hafi skólastjórinn greint frá því, að honum hafi verið kunnugt um þetta og verið kunnugt um lekann.

Eftir slysið hafi Skúli verið færður á slysadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, þar sem gert var að sárum hans, en ígerð komið í sárin síðar, og hafi Skúli þá verið fluttur 20. ágúst s. á. á Landspítalann í Reykjavík og hann útskrifaður þaðan 16. október s. á. eftir fjölda aðgerða. Hinn 2. apríl 1992 hafi Stefán Bogason læknir metið örorku Skúla þannig frá slysdegi talið, í þrjá mánuði 100%, eftir það í tvo mánuði 50% og varanlega örorku 5%. Í örorkumati læknisins segir m. a.: „Hann er nú með áberandi brunaör samfellt aftan á báðum lærum og fótleggjum og eru þau dálítið þykk, en vel gróin og ekki hörð.“ ... „Enn fremur er hann með ör framan á lærum eftir skinntöku.“ ... „Búast má við, að þessi ör verði alltaf viðkvæmari en eðlileg húð hefði orðið við öllu hnjaski og þurfi að sýna henni meiri aðgæslu. Hugsanlegt er, að hann þurfi að fara í frekari aðgerðir vegna þessara öra.“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur út höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps, alls 578.800 kr., auk verðmætis tapaðra lífeyrisréttinda, alls 34.700 kr. Samtals nemi fjárhæð örorkutjóns Skúla því 613.500 kr., og sundurliðar stefnandi bótakröfuna þannig: Örorkutjón 613.500 kr., útlagður kostnaður 72.315 kr., miskabætur 1.000.000 kr., samtals 1.685.815 kr.

Hin stefnda skólanefnd og sveitarsjóðirnir lýsa málsatvikum á þann hátt, að er slysið varð, hafi Ferðaskrifstofan Nonni hf. á Akureyri eða Helena Dejak f. h. ferðaskrifstofunnar haft húsnæði skólans á leigu fyrir hótélrekstur. Hafi verið um að ræða bæði skólahúsið sjálft svo og heimavist. Einnig hafi hótelið haft umráð sundlaugarinnar á staðnum og að Skúli virðist hafa fallið í heitt vatn, sem hafi lekið frá hitaveituróri, er lá frá borholu að sundlauginni. Ekki sé upplýst í málinu um réttarsamband hótelsins og/eða ferðaskrifstofunnar og stefnanda eða þeirra, sem ættarmótið héldu, er Skúli var staddur á. Hins vegar sýkni lögmaður stefnanda ferðaskrifstofuna eða hótelið af mögulegum kröfum sínum og virðist því velja úr mögulegum aðilum máls þessa.

Land það, sem aðfærsluæðin að sundlauginni lá um að hluta, sé fremur nærri bakka Hörgár, og hafi því verið girt meðfram honum tiltölulega stutt frá leiðslunni. Á hinn bóginn hafi verið sett viðvörunarskilti á skúrbyggingu yfir borholunni um hættu af heitum rorum og vatni, og einnig mun hótélstjórinn hafa gert foreldrum þeirra barna, sem ættarmótið sóttu, grein fyrir þessari hættu af rörunum og auk þess lagt aukna áherslu á hættuna vegna skemmda á rörunum.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vísar um málavexti til lögreglu-skýrslna á dskj. nr. 16 og bendir á, að sonur stefnanda hafi verið ásamt honum gestur á ættarmóti, sem haldið hafi verið í Þelamerkurskóla, en skóla-

nefnd skólans hafi leigt Ferðaskrifstofunni Nonna hf. skólahúsnæðið undir hótélstarfsemi og ættarmótið verið á þeirra vegum. Slysið hafi því ekki verið í neinum tengslum við skólastarf og stefnda fyrst kunnugt um slysið með bréfi frá lögmannsstofu stefnanda, dags. 11. október 1991.

Samkvæmt gögnum málsins á dskj. nr. 16, sem eru skýrslur lögreglunnar á Akureyri um slys þetta, barst lögreglu tilkynning um slysið 8. júlí 1990 kl. 11.00, að barn hefði brennst illa í heitu vatni við Þelamerkurskóla í Hörgárdal. Fóru lögreglumenn á staðinn, þeir Sæmundur Sigfússon og Árni Stefánsson, og hittu þar fyrir tilkynnandann, Guðmund Árnason, hótélstjóra sumarhótelsins í Þelamerkurskóla. Vísaði hann lögreglumönnum á staðinn, þar sem slysið varð á lóðinni suðvestan við Þelamerkurskóla. Sjúkrabifreið hafði flutt hinn slasaða af vettvangi, er þeir komu, en á staðnum hittu þeir föður hins slasaða, stefnanda máls þessa. Aðkomu á vettvangi lýsa þeir svo, að þar sem slysið varð, hafi vætlað heitt vatn upp úr jörðinni og myndað þar dý í lóðina, og þar sem vatnið vætlaði upp, hefði jarðvegur sigið lítillega. Laust gras lá ofan á dýinu að hluta til, svo að ekki hafi verið gott að sjá, hvað þarna var, og að dýið hafi verið allt að 70 cm á dýpt, þar sem það var dýpst. Ráðstafanir á vettvangi voru þær, að lögreglumenn höfðu tal af Guðmundi Árnasyni hótélstjóra og báðu hann að girða kringum dýið, svo að frekari slys yrðu ekki, og hafði hann tekið mjög vel í það og sagst ætla að gera það strax. Fram kom, að Þelamerkurskóli hafði slystryggingu hjá VÍS hf. Á vettvangi upplýsti stefnandi, að hann hefði ekki séð, þegar sonur sinn datt ofan í dýið, en séð, þegar hann var að reyna að hafa sig upp úr því. Hefði hann þá verið staddur inni í skólanum og hlaupið út til drengsins, sem þá var kominn upp úr dýinu, og hjálpað honum heim að skólanum. Hefði hann síðan farið inn í skólann og beðið hótélstjórann að hringja á sjúkrabifreið. Aðspurður um brunaáverka kvað hann drenginn hafa brennst það illa á fótum, að lítillega hefði blætt úr sárum.

Í viðræðum lögreglumanna við hótélstjóra tjáði hann þeim, að búið hefði verið að láta starfsmenn hitaveitunnar vita, að sennilega væri sprungin hitaveituleiðsla, sem liggur frá borholu norðvestan við skólann og að sundlauginni, og væri þetta vatn til komið vegna þessa. Hefði hann upplýst, að vatnið, sem rynni frá borholunni og að sundlauginni, væri 80°C. Þar sem drengurinn datt ofan í dýið, hafi það verið um 60 cm á dýpt.

Á dskj. nr. 16 liggur frammi upplýsingaskýrsla Gunnlaugs V. Snævarr lögreglufulltrúa vegna vettvangsskoðunar á Laugalandi á Þelamörk, þar sem hann skoðaði vettvang ásamt Jóhannesi Sigfússyni rannsóknarlögreglumanni. Þar segir: „Skammt norðan og neðan við skólann hefur verið borað eftir heitu vatni og skúr reistur yfir holuna. Leiðsla hefur verið lögð frá hol-

unni að sundlauginni, sem er sunnan og neðan skólans. Þetta er á grónu túni, nýslegnu, og hefur það m. a. verið notað fyrir tjaldstæði.

Er ljóst, að gat er á leiðslunni, og rennur allmikið af heitu vatni ofanjarðar. Fyrst má sjá það rétt við borholuna, en síðan ber ekki á því ofanjarðar fyrr en fáa metra fyrir norðan gróðurhús, sem er norðan sundlaugarinnar. Þar hefur myndast dý, sem er að dýpt um 40 cm samkvæmt okkar mælingum, sem staðfestar eru á mynd, sem fylgir málinu.

Að þessu sinni hafði nýslegið gras farið út í dýið, svo að minna bar á því en ella hefði verið.

Ekki hafði verið hirt um að girða þetta af eða merkja á annan hátt. Af ummerkjum mátti ráða, að þetta ástand væri búið að vara nokkurn tíma. Myndast hafði farvegur eftir vatnið og gras sölnað þar í kring.

Að sögn er vatnið 80°C heitt, er það kemur úr borholunni, en ekki voru tæki við höndina til að mæla hita á slystað.“

Hinn 9. ágúst 1990 var tekin lögregluskýrsla hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri af Karli Erlendssyni, skólastjóra Þelamerkurskóla, kt. 010949-3199. Kvaðst hann kannast við mál þetta, en hafa verið fjarverandi, er slysið varð, en hóteltjóri gert sér grein fyrir atburðum. Upplýsti hann, að Þelamerkurskóli leigði hótelinu, er þar starfaði, alla aðstöðu, og sé það þar með ábyrgt fyrir, að öll aðstaða sé í lagi; sé kveðið á um það í samningi milli þessara aðila. Hafi hitaveituleiðslan sprungið í júnímánuði þá um árið og alltaf staðið til að gera við hana, en miklar framkvæmdir staðið yfir við sundlauginna á staðnum. Hafi átt að breyta tengingum á heitu vatni, og hefði þá þurft að færa leiðsluna og því verið beðið með þessa viðgerð, þar til hægt væri að ljúka öllu í einu. Hann kvað skólann ábyrgan fyrir framkvæmdum og þá um leið þessum frágangi á leiðslunni og upplýsti, að nemendur skólans væru tryggðir hjá VÍS, en kvaðst efast, um að hótelið væri tryggt fyrir slysum af þessu tagi. Hafi engum dottið í hug, að nokkur gæti álpast ofan í vatnið, þar sem rokið hefði úr því, og aðalótti manna verið bundinn Hörgá og því rétt að girða af svæðið við ána.

Hér fyrir dómi bar Karl skólastjóri, að framkvæmdir við sundlauginna árið 1990 hefðu verið til komnar vegna viðhaldsleysis og sveitarfélögin veitt til þessa fé. Hafi framkvæmdir hafist í byrjun maí og staðið fram á sumar og sundlaugin opnuð um miðjan júní og allur kostnaður verið greiddur af sveitarfélögunum.

Húsvörður sé starfandi undir stjórn skólastjóra á starfstíma skólans, sem væri frá 1. september til 15. maí, en þá síðan væntanlega undir stjórn skólanefndar eða oddvitanna þess utan, þ. e. a. s húsvörðurinn. Það hafi þó viljað brenna við, að oddvitar hafi lítið sinnt þessu, svo að stjórn hafi lent á skólastjóra.

Árin 1989–1992 kvaðst hann ekki hafa búið á skólastað og verið fjarverandi árið 1990 við nám frá l. 6.–16. 6., en sitja í skólanefnd lögum samkvæmt. Hafi hann undirritað samning um leigu á skólahúsnæði Þelamerkurskóla ásamt þáverandi formanni skólanefndar f. h. Þelamerkurskóla við Helenu Dejak, þar sem henni var leigt skólahúsnæði Þelamerkurskóla að undanskilinni kennarastofu og vinnustofu kennara utan skólatíma næstu fimm ár til að reka þar hótél. Hafi hann undirritað samning þennan f. h. skólans, hafandi í huga, að leigan færi ekki í bága við kennsluskyldu skólans.

Á svæðinu, sem pytturinn hafi verið, hafi ekki verið leiksvæði barna, og viti hann ekki til þess, að leyft hafi verið að tjalda þar. Hafi skólinn, þ. e. hinir stefndu sveitarsjóðir, annast viðhald á hitaveitumannvirkjum, en ekki Hitaveita Akureyrar. Hafi hann ekki litið svo á, að það hafi verið á sína ábyrgð að láta gera við hitaveituleiðsluna, en það ekki farið fram hjá sér, að þarna rann heitt vatn. Í sjálfu sér hefði hann getað látið gera við þetta í snarheitum og ekki gera ráð fyrir, að sveitarstjórnir hefðu hreyft andmælum eða gert athugasemdir við fjáraustur í því sambandi. Í framkvæmdinni hefði það gengið þannig, að hann hefði borið þetta undir oddvita stærsta hreppsins, þ. e. að segja Glæsibæjarhrepps, og fengið samþykki hans. Oddvitar hreppanna hafi ekki haft með sér formlega verkaskiptingu, en stærsta sveitarfélagið haft forystu. Hann kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir hættni, sem þarna skapaðist. Hver hefði átt að hafa frumkvæði til viðgerða, væri nokkuð óljóst, því að hann væri ríkisstarfsmaður og húsvörður starfaði undir sinni stjórn sem skólastjóra skólaárið, en væri starfsmaður sveitarfélaganna, svo að þessi stjórnunarþáttur skaraðist, og hafi sér fundist þetta óþolandi. Hafi hann í raun ekki stjórnað húsvörðinum utan skólatíma, en húsvörður hafi ekki formlegt vald að leggja í kostnað f. h. skólans. Þetta sé ófremdarástand í sambandi við stjórnunarþáttinn, og snúi húsvörður sér þá til sín sem skólastjóra, því að á svo litlum vinnustað tali menn vitanlega saman.

Borholan og dælubúnaður sé utan skólalóðar, en ytri mörk lóðar sé gömul túngirðing, en lóðarmörk í vestur vissi hann ekki um, hvort væru áin eða túngirðing. En hvort dýið var innan lóðar svo og gróðurhúsið hafi í sjálfu sér ekki skipt máli, því skólinn hafi umráð allrar jarðarinnar, svo að lóðarmörkin hafi ekki haft raunhæfa þýðingu fyrir skólann, en gróðurhúsið í námunnda við pyttinn hafi kennari við skólann átt.

Hver framvinda eftir slysið var, mundi vitnið ekki, en gengið hafi verið í að laga þetta, og taldi víst, að þetta hefði verið borið undir skólanefndarformann. Staðfesti hann skýrslu sína, gefna hjá lögreglu.

Trausti Guðmundur Halldórsson, kt. 220158-5789, húsvörður Þelamerkurskóla, þar til heimilis, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. nóvember 1990. Kvaðst hann hafa starfað sem húsvörður í Þelamerkurskóla sl. tvö ár, og er slysið varð, hefði Ferðaskrifstofan Nonni hf. haft skólann á leigu, og í umrætt sinn hefði verið þar ættarmót.

Upp úr miðjum maí þetta ár hafi verið byrjað á framkvæmdum við sundlaug og þá m. a. við hitalagnir. Reistur hafi verið dælskúr fyrir allt heitt vatn til sundlaugarinnar vestan við sundlaugarhúsið og lagt norður úr honum tólf metra heitavatsleiðsla ofanjarðar. Hafi hún verið einangruð og tengd við gamla leiðslu, sem var neðanjarðar og lá áfram í norður, og hafi það verið úr þeirri leiðslu, sem heita vatnið hafi komið og pytturinn myndast. Hafi sér verið sagt, að sú leiðsla væri um tíu ára gömul. Hafi hann haft orð á því við Karl skólastjóra, að þörf væri að skipta um gömlu lögnina, áður en vatni yrði hleypt á hana. Skólastjóri hafi verið lítið við á þessum tíma, og þar sem vitnið hafði ekki leyfi til að fara í framkvæmdir án samþykkis yfirmanns og hann ekki búinn að fá afdráttarlausu skipun um að skipta um lögn, hafi það ekki verið gert. Hafi heitu vatni verið hleypt á lögnina 16. júní og hún þá reynst í lagi. Sig minni, að það hafi verið um mánaðamótin júní/júlí, sem hann hafi tekið eftir, að vatn vætlaði upp úr jörðinni á fyrrgreindum stað. Hvaða dag þetta var, mundi hann ekki nákvæmlega, en áreiðanlega hafi vatnið verið búið að vætla í nokkra daga og uppstreymið alltaf verið að aukast.

Fyrir hádegi föstudaginn 6. júlí hafi hann verið að slá gras þarna við slystað, þegar hjól á dráttarvél, sem hann var á, hafi lent í vatnsdýinu og vélin fest. Hann hafi náð vélinni upp með handafla og þá sett tvö sextommuborð yfir dýið, sem þá hafi verið um 30 cm í þvermál, og hafi borðin náð að hylja dýið. Hafi dráttarvélin verið þannig útbúin, að hún hafi tekið allt slegið gras jafnóðum í lokaða kerru, svo að ekki hafi átt að vera neinar grasdreifar þarna nema þá það, sem sviðnað hafði undan hitanum.

Hann sagði, að á ættarmótinu, sem hefði verið haldið þarna, hefðu börnin, sem voru með foreldrum sínum, gengið þarna um að mestu án afskipta foreldra, enda þótt Guðmundur Árnason, þáverandi hótellstjóri, hefði verið búinn að gera foreldrum ljósa þá hættu, sem þarna var vegna skemmda á hitaveiturörum. Hann kvaðst hafa heyrt það nokkrum dögum síðar, að tveir drengir hefðu verið að reyta gras og dreift því yfir pyttinn. Sama dag skömmu eftir slysið hefði hann girt dýið af og lagt yfir það áburðarbretti.

Hann upplýsti, að hitaveituleiðslur þessar væru ekki á nokkurn hátt tengdar Hitaveitu Akureyrar. Skólinn og allt, sem honum við kemur, sé í umsjón nágrannahreppa, þar á meðal hitaveitan.

Fyrir dómi bar vitnið mjög á sama veg, en taldi, að búið hafi verið að seytla úr hitaveiturörinu hátt í mánuð, áður en slysið varð, en í mjög litlum mæli, og hefði sér verið um þetta kunnugt og öðrum forráðamönnum skólans. Hefði hann farið fram á það við skólastjórann, að þetta yrði lagað, en vatni verið hleypt á lögnina 16. júní og upp úr mánaðamótum farið að leka. Hann kvaðst hafa farið fram á, að skipt yrði um lögnina alla leið, en ekkert svar fengið við því. Gamla lögnin hafi verið úr asbesti, en hin nýja úr stáli, og lekið á samskeytunum, og svo sem áður er getið, hafi hann farið fram á, að gert yrði við þetta, en ekkert svar fengið.

Helgina, sem ættarmótið var haldið, hefði lekinn aukist og hitinn í dýnu verið um 70°–80°C. Hefði hann ekki unnið um helgina, en Guðmundur Árnason hótelsstjóri tjáð sér eftir á, að krakkar hefðu verið að atast í dýnu og hent heyi yfir það. Hótelsstjórinn hefði varað við hættunni af ánni og dýnu, þegar fólk var að skrá sig inn. Vitnið taldi það í verkahring sínum að laga þetta með samþykki skólastjóra, sem hugsanlega hefði þurft samþykki oddvita. Hann kvaðst hafa snúið sér til oddvita með erindi, en sér hefðu fundist ganga mjög erfiðlega öll samskipti við oddvita. Hafi skólastjórinn verið með viðveru á staðnum, þó að hann byggi á Akureyri. Hann kvaðst hafa farið fram á það oft en einu sinni við skólastjóra að lagfæra þetta, en engin viðbrögð fengið. Við framkvæmdir við sundlaugina hafi hann verið undir stjórn skólastjóra og Hitaveita Akureyrar engin afskipti haft af lögninni, en hrepparnir og skólinn haft afnot af borholunni. Þegar gert var við lögnina eftir slysið, hefði hann unnið það verk ásamt öðrum með samþykki skólastjóra og þá verið skipt um lög alla leið að sundlauginni. Lögnin hafi verið í eigu skólans að sinni hyggju og heita vatnið verið sjálfrennandi.

Vitnið staðfesti skýrslu sína, gefna fyrir lögreglu.

Hinn 9. október 1991 tók lögreglan í Neskaupstað skýrslu af stefnandanum Skúla Aðalsteinssyni, kt. 300865-5199, sjómanni/útgerðarmanni. Skýrði hann svo sjálfstætt frá atvikum, að 8. júlí 1990 hefði hann og fjölskylda sín verið að búa sig af stað frá Pelamerkurskóla í Hörgárdal, þar sem þau hefðu verið á ættarmóti. Hefði sonur sinn, Skúli, verið að leik á lóð skólans. Hefði hann þá séð út um glugga á skólanum, að drengurinn var niðri í smátjörn eða pytti þarna rétt frá. Hefði hann brugðið skjótt við og hlaupið að tjörninni, en drengurinn þá verið búinn að koma sér upp úr henni. Í tjörninni hafi verið brennheitt vatn og auðséð, að drengurinn var skaðbrenndur. Hafi hann tekið drenginn og hlaupið með hann inn í skóla og sett hann undir kalda sturtu til að kæla niður brunann, en drengurinn hafi verið skað-

brenndur á báðum fótum og upp á rass og lítilega blætt úr sárum. Skömmu síðar hafi sjúkrabifreið komið og flutt hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Pytturinn, er hann lenti í, hafi verið um 50 m frá skólanum, í norðvestur að hann taldi. Pytturinn hafi ekki verið afgirtur og engar varúðarmerkingar að sjá, er bentu til, að þarna væri sjóðheitt vatn, og pytturinn hulinn af gróðri eða grasi. Hafi drengurinn verið á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri til 20. ágúst, en þá fluttur á Landspítalann í Reykjavík.

Skýrslu þessa tók Sigurjón Jónsson varðstjóri. Sama dag skráir sami varðstjóri frásögn Skúla Skúlasonar að viðstöddum föður hans. Segir svo í skýrslu varðstjórans: „Uppistaðan í frásögn drengsins er, að hann hafi ásamt systur sinni, Svölu, verið að fara að gróðurhúsi, sem sé þarna nærri, til að skoða þar blóm. Á leiðinni hafi hann stigið ofan í heita tjörn, sem var þarna á leið þeirra. Drengurinn sagðist ekki hafa séð tjörnina, því að mikið gras hefði verið ofan á henni.“

Guðrún Brynjarsdóttir, kt. 160363-4959, Nesbakka 19, Neskaupstað, móðir Skúla Skúlasonar, bar svo fyrir dómi, – en skýrsla hennar var hljóðrituð, þar sem hún var stödd hjá sýslumanninum í Neskaupstað, – að Skúli, systir hans og tvær frænkur hefðu verið úti í garði að leika sér. Þau hjónin hefðu verið að pakka niður og faðir Skúla fylgst með og séð, að hann datt í pyttinn. Hefðu þau þá stökkið út og drengurinn þá kominn upp úr. Hafi hann strax verið kældur og hringt á sjúkrabíl, en dýið verið við hliðina á tjaldstæðinu og enginn varaður við því. Hafi þau verið á ættarmóti og allir að pakka saman. Hafi foreldrum sínum verið vísað með tjaldvagn rétt við hliðina á pyttinum. Hafi hún ekki séð neitt óvenjulegt, nema grasið hafi verið brúnt, og þar rétt hjá hafi verið gróðurhús og börnin ætlað að skoða blóm í því.

Hún upplýsti, að ástand Skúla væri nú þannig, að ör þau, sem hann beri, séu mjög ljót og skáni ekki. Poli hann mjög illa kulda og verði þá blár og hlaupi upp. Sé honum illa við að fara í sund, þar sem honum sé strítt, og ekki fari hann út í stuttbuxum. Ekki sé hann hreyfihamlaður, en áburð þurfi að bera á hann eftir bað, og að þó að hann hrufli sig, grói sár eðlilega. Hún telur, að slysið hafi haft þau áhrif á hann andlega, að hann sé mjög uppstökkur eftir þetta og stami mjög mikið, en það hafi verið smávægilegt áður. Samskipti við önnur börn gangi vel, en honum sé strítt í sundi, þar sem örin á fótunum eru hvít, en húðin fjólublá, og krakkarnir segi, að hann sé skítugur á fótunum. Hún taldi, að hann hefði gott af því að fá sálfræðilega aðstoð.

Hún upplýsti, að stefnandi, eiginmaður sinn, væri á sjó úti.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðmundur Árnason, fyrrverandi hótél-

stjóri sumarhótelins að Pelamörk, kt. 020353-5709, til heimilis að Gamla þinghúsinu, Svalbarðseyri. Vitninu voru kynntar upplýsingaskýrslur lögreglu á dskj. nr. 16. Hann kvaðst hafa verið hóteltjóri á staðnum, er slysið varð, en ekki gert formlega skýrslu hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa varað gesti við ánni, en ekki vitað af dýinu. Þetta sé háhitasvæði, og hafi hann varað fólk við því og beiðst þess, að einhver gætti barna, ef fólk væri að skemmta sér. Ef menn hefðu vitað af þessu, hefði verið búið að bæta úr, en hann ekkert vitað um þennan pytt. Hafi hann sem hóteltjóri séð um allt, sem við kom hóteltrekstrinum innan dyra, en húsvörðurinn, sem utan dyra var.

Ekki minntist hann þess að hafa haft samband við Hitaveitu Akureyrar.

Á þessum tíma hafi vinnuveitandi sinn verið Ferðaskrifstofan Nonni hf. og hann verið hóteltjóri á Pelamörk sumarið 1990 og 1991. Hafi verkaskipting alltaf verið ljós, hótelið séð um allt innan húss, en leigusali utan húss. Ef eitthvað fór aflaga utan dyra, hefði hann haft samband við húsvörðinn, Trausta, en leita hefði hann þurft samþykkis skólustjóra eða sveitarstjórna. Hann upplýsti, að svæðið fyrir sunnan, norðan og eins vestan skólahússins hefði verið notað sem tjaldstæði.

Á dskj. nr. 16 liggur fyrir áðurnefndur samningur um leigu á skólahúsnæði Pelamerkurskóla. Er hann undirritaður af Karli Erlendssyni skólustjóra og Ragnhildi Sigfúsdóttur, formanni skólanefndar, f. h. Pelamerkurskóla, og Helenu Dejak, Pétursborg, og er samningur þessi dagsettur 31. 5. 1989. Í upphafi samnings segir, að leigutaki taki á leigu skólahúsnæði Pelamerkurskóla að undanskilinni kennarastofu og vinnuherbergi kennara utan skólatíma næstu fimm ár til að reka þar hótél og að skólinn leggi til allan búnað, sem nauðsynlegur er vegna rekstrarins, en ekki rekstrarvörur. Leigutaka er skylt að heimila ungmennafélögum svæðisins endurgjaldslaus afnot af sundlaug staðarins til æfinga á kvöldum samkvæmt nánara samkomulagi ár hvert.

Í leigu fyrir húsnæðið greiðir leigutaki sem svarar 17% af brúttótekjum matarsölu að frádrögnum sölu- og launaskatti, 25% af brúttótekjum gisti-sölu, 25% af tekjum sundlaugar og 17% af annarri verslun við hótelið. Skal leigutaki þó fyrst fá í sinn hlut 10% af heildartekjum hótelsins til að greiða ýmsan kostnað, svo sem vegna söluauglýsinga og kynningarstarfsemi. 50% af ætluðum leigutekjum skal greiða skólanum fyrir 1. október, 25% fyrir 1. desember og full skil fyrir 1. mars. Verði hagnaður af rekstri hótelsins, skal 1/3 hans renna til skólans. Leigutaki skyldi greiða fyrir afnot af tilteknu símanúmeri á starfstíma hótelsins, en ekki fyrir afnot af rafmagni. Aðilum er skylt að skila húsnæði og búnaði þess í góðu ástandi ár hvert, og úttekt

skal gerð í upphafi og í lok hvers tímabils. Fulltrúi skólanefndar skal ávallt eiga kost á upplýsingum um rekstur, hvenær sem hann telur ástæðu til, og gildir það frá árinu 1989 að telja til fimm ára, en vera uppsegjanlegur með löglegum fyrirvara af beggja hálfu.

Með bréfi, dags. 1. október 1990, ritar leigutaki lögmanni stefnanda bréf og telur mál þetta sér og Ferðaskrifstofunni Nonna hf. með öllu óviðkomandi, enda hvorki eigandi lóðar né fasteignar. Er bréf þetta hluti dóm skjals nr. 16.

Fyrir liggur í málinu á dskj. nr. 4 örorkumat Stefáns Bogasonar læknis, dags. 2. apríl 1992. Segir svo í örorkumati þessu: „Fyrir liggur læknisvottorð frá Ólafi Einarssyni, lækni á lýtalækningadeild Landspítalans, dags. 6. júní 1991, auk þess ljósmyndir, og fylgir þetta hér með í ljósríti.

Fram kemur, að þessi drengur varð fyrir því slysi, að hann datt ofan í opið hitaveiturör og hlaut II. og III. gráðu brunasár á fótum, fótleggjum, upp fyrir mið læri að framanverðu, en upp á rasskinnar að aftanverðu. Samanlagt náðu brennd svæði yfir allt að þrjátíu prósentum af líkamsvirborði. Brunasár voru kæld á slyssað, en drengurinn síðan fluttur á FSA. Lá hann þar frá slyssdegi til 21. ágúst 1990, og voru á þeim tíma gerðar tólf skiptingar og tvær húðflutningsaðgerðir.

Sár sýktust á meðferðartímabilinu, og voru gefin sýklalyf meira og minna alla leguna.

Hinn 21. ágúst var ákveðið að flytja slasaða á Landspítalann, og var hann daginn eftir svæfður og brunasárin hreinsuð upp. Var hann með djúpar II. gráðu brunaskellur víða á kálfum, aðallega aftanverðum, og eins upp á læri. Sömuleiðis var sýkt nýlegt húdtökusvæði á framanverðu vinstra læri. Öll brunasár og húdtökusvæði voru rækilega skafin í þessari svæfingu og hreinsuð og síðan búið um þetta að nýju með bakteríudrepandi umbúðum. Enn fremur var hann hafður á sýklalyfjum. Dagana 24. og 27. ágúst voru svipaðar hreinsunaræðgerðir endurteknar, og við seinni skiptingu voru sár orðin nokkuð hreinleg, og gróandi tók við sér. Jafnframt var hafin sjúkrahjálfun á fótleggjum, sem höfðu rýrnað talsvert. Eftir þetta var hægt að skipta á honum án svæfinga á deild, og tóku nú bæði brunasár og húdtökusvæði að gróa, en eftir sátu nokkrar skellur, sem í kom ofholdgun. Vildu þær ekki gróa vel, aðallega í hægri hnésbót, en einnig voru minni skellur aftan á báðum lærum og kálfum, sem gekk illa að fá til að gróa. Því var ákveðið að flytja húð á þetta, og var það gert í svæfingu 26. september. Eftir það greru sár smám saman og sömuleiðis húdtökusvæðið. Hann var baðaður daglega og fékk sjúkrahjálfun sömuleiðis daglega síðustu vikurnar og útskrifaðist algróinn sára 16. október.

Eftir það hefur hann komið tvívegis í eftirlit, í síðara skiptið 14. mars 1991, og höfðu þá brunasárin gróíð enn betur og húdtökusvæðin algjörlega.“

Að lokum segir sérfræðingurinn, að við útskrift 16. október sé slasaði algróinn, en ljóst megi vera, að hann hafi hlotið varanleg mein, einkum af ör-um, sem hylja mikið til kálfana og stóran hluta læranna og munu gera ævilangt. Útlit þeirra geti þó skánað verulega frá því, sem nú sé, segir læk-nir-inn, sérstaklega litarháttur. Hins vegar sé ljóst, að hin brenndu svæði og þau, sem hafa verið grædd með húðflutningi, verði ávallt veikari en ella, og þurfi að hafa aðgæslu við og smyrja þetta með kremi reglulega. Þó sé þess-um stöðum hættara við flumbrum og fleiðrum en ella. Ekki er útilokað, að síðar muni reynast vera til bóta að lagfæra ör-in.

„Slasaði kom til viðtals við undirritaðan 1. apríl 1992. Hann lenti í bruna-slysi 8. júlí 1990, er hann datt ofan í brotið hitaveiturör við Þelamerkurskóla í Eyjafirði og brenndist mikið á báðum fótum, einkum að aftanverðu og al-veg upp á rass; lagður inn á FSA, þar sem hann var til 21. 8. 1990, en var þá fluttur á Landspítalann og lá í fimmtán daga. Var reynt að græða húð á sár-in, og lauk svo, að sárin greru, og fór hann þá heim. Hann hefur verið svæfður alls sautján sinnum og var í sjúkrahjálfun á Landspítalanum á eftir. Missti hann því úr skóla, þar til hann kom heim af Landspítalanum í októ-ber 1990, en hefur síðan stundað skóla að fullu nema leikfimi fyrst í stað. Kvartar ekki um verki, en hefur kláða. Hann fer allra sinna ferða og leikur sér með öðrum börnum.

Við skoðun eru samfelld ör aftan á báðum lærum og fótleggjum, dálítið þykk, en vel gróin. Engin sár eða sprungur. Enn fremur er ör framan á lær-um eftir skinntöku. Eðlilegar hreyfingar í öllum liðum.

Álit:

Um er að ræða tæplega átta ára gamlan dreng, er varð fyrir því slysi fyrir tæpum tveimur árum, að hann datt ofan í brotið hitaveiturör við Þela-merkurskóla í Eyjafirði og brenndist mikið á báðum fótum, einkum að aftanverðu og alveg upp á rass. Var þetta II. og III. gráðu brunni og allt að því þrjátíu prósent af líkamsyfirborði brunnið. Hann var til meðferðar fyrst á FSA og síðan á lýtalækningadeild Landspítalans. Sýking komst í sárin, en þau voru hreinsuð upp og greru smátt og smátt, en græða þurfti húð á þau, sem tekin var af lærum. Eftir að aðgerðum lauk, var hafin sjúkrahjálfun á Landspítalanum, og útskrifaðist hann þaðan 16. október. Hann er nú með áberandi brunaör samfelld á báðum lærum og fótleggjum, og eru þau dálít-íð þykk, en vel gróin og ekki hörð og engin sár eða sprungur. Enn fremur er hann með ör framan á lærum eftir skinntöku. Búast má við, að þessi ör

verði alltaf viðkvæmari en eðlileg húð hefði orðið við öllu þessu hnjaski, og þyrfti að sýna henni meiri aðgæslu. Hugsanlegt er, að hann þurfi að fara í frekari aðgerðir vegna þessara öra.

Tímanna frá því að slysið varð og þangað til slasaði útskrifaðist heim til sín frá Landspítalanum, var hann fatlaður til athafna, en byrjaði að sækja skóla, þegar hann kom heim aftur, og hefur stundað skóla að fullu síðan fyrir utan leikfimi fyrst í stað.

Rétt þykir að meta honum tímabundna örorku fyrir þennan tíma, sem hann er fatlaður til allra athafna, þar á meðal skóla. Tímabundin og varanleg örorka af völdum þessa slyss þykir hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í þrjá mánuði	100%
Eftir það talið í tvo mánuði	50%
Varanleg örorka	5%.“

Fyrir liggur í málinu á dskj. nr. 10 útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 9. 6. 1992, þar sem hann reiknar út höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda Skúla Skúlasonar vegna slyssins. Eru útreikningarnir byggðir á örorkumati því, sem hér að framan er rakið.

Um forsendur fyrir niðurstöðu útreikninganna segir svo:

„Hér er um að ræða ungan dreng. Tekjur hans framvegis áætla ég þannig: Á 15. og 16. aldursári geri ég ráð fyrir 15 vikna vinnu hvort ár á unglingatöxtum Dagsbrúnar. Á 22. aldursári reikna ég með 52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467½ yfirvinnustund (10 stundir á viku í 46¼ vikur) á taxta Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu (almennt fiskvinnslufólk eftir 3 ár) með 10,17% orlofi. Á 21. aldursári miða ég við 95% fyrrnefndra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári miða ég við meðaltekjur iðnaðarmanna, sem nú teljast vera 1.557.900 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.

Á áðurnefndum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, eins og tíðkast hefur, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Á 15. aldursári, frá slysdegi	111.900	5.600
Á 16. aldursári, frá slysdegi	126.900	6.300
Á 17. aldursári, frá slysdegi	583.400	29.200
Á 18. aldursári, frá slysdegi	622.300	31.100
Á 19. aldursári, frá slysdegi	661.200	33.100

Á 20. aldursári, frá slysdegi	700.100	35.000
Á 21. aldursári, frá slysdegi	739.000	37.000
Á 22. aldursári, frá slysdegi	777.900	38.900
Á 23. aldursári, frá slysdegi	972.900	48.600
Á 24. aldursári, frá slysdegi	1.167.900	58.400
Á 25. aldursári, frá slysdegi	1.362.900	68.100
Síðan árlega	1.557.900	77.900

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi 578.800 krónum.

Ekki er um að ræða tap af tímabundinni örorku vegna þess, hve ungur Skúli var, þegar hann varð fyrir slysinu.

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps vegna varanlegrar örorku. Það verður 34.700 kr.“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 9. 6. 1992 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi. Einfaldir sparisjóðsvextir til útreikningsdags eru 7,30%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fari eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir senskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Málsástæður og lagarök stefnanda fyrir kröfu sinni á hendur stefndu eru þau, að orsakir slyssins hafi verið saknæmur vanbúnaður skólalóðarinnar og hirðuleysi umráðamanna hennar. Hinir stefndu hreppar beri ábyrgð á slysi þessu vegna eignarhalds síns á mannvirkjum þessum og umbúnaði og vegna rekstraraðildar sinnar að skólanum. Hrepparnir séu sameigendur að viðkomandi mannvirkjum og umbúnaði, og vísar stefnandi til stofnsamnings, sem gerður var við upphaf byggingar þessara mannvirkja. Umsjón og eftirlit með viðkomandi mannvirkjum séu á hendi skólaneftndar f. h. sveitarfélaganna, sbr. 28. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 63/1974, en á skólaneftndinni beri sveitarsjóðirnir ábyrgð, sbr. 3. tl. 6. mgr. 6. gr., sbr. 57. gr. laga nr. 8/1986. Í 19. gr., 5. mgr., laga nr. 63/1974 segir síðan berum orðum, að það sé á ábyrgð skólaneftndar, að viðhald sé fullnægjandi og lögum samkvæmt.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs beri ábyrgð á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar, en skólastjóri, sem hafi yfirstjórn með rekstri skólans, lýtur æðstu stjórn menntamálaráðherra og taki laun úr ríkissjóði, sbr. 20. gr. laga nr. 63/1974 og 14. kafla s. l., sbr. einnig 118. gr. laga nr. 8/1986 um eftirlit og ábyrgð ríkis á rekstri sveitarfélaga. Umsjónarmaður, þ. e. húsvörður, sé hins vegar launaður af hinum stefndu sveitarsjóðum, og beri þeir því vinnuveitendaábyrgð á saknæmri háttsemi hans og athafnaleyssi.

Það verði að teljast skylda þeirra, sem reka skóla, að sjá um, að viðhald

skólahúsnæðis og búnaður allur sé með þeim hætti, að þeim, sem þar dveljast, stafi ekki sérstök hættu af. Upplýst sé, að pytturinn hafi verið algjörlega óvarinn og bæði skólastjóra og umsjónarmanni verið kunnugt um hættuna án þess að aðhafast nokkuð. Hafi það verið óforsvaranlegt, þar sem það hefði þó verið bæði auðvelt og útlátalítið. Verði að telja, að þeir, sem beri ábyrgð á rekstri skólans að þessu leyti, séu fébótaskyldir gagnvart stefnanda. Ferðaskrifstofan Nonni hf. geti ekki talist bera ábyrgð á vanbúnaði þessum, þar sem hún sé ekki eigandi mannvirkja þessara né heldur þar sem leigusamningur taki ekki til allra mannvirkja, sem á skólalóðinni séu, auk þess verið ókunnugt um ástandið. Ekki komi til álíta í máli þessu eigin sök tjónþola, sem aðeins hafi verið sex ára, er slysið varð, og ekki hafi verið sýnt fram á aðgæsluleysi hans að nokkru leyti.

Um miskabótakröfu beri að líta til þess, að hann hafi liðið verulegar kvalir vegna þessa slyss og muni bera ævilangt samfelld brunaör á stórum hluta líkama síns.

Til lagaraka vísar stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar svo og þess, sem áður er rakið, og um ábyrgð stefndu á umbúnaðinum vísar stefnandi til almennra reglna um ábyrgð á mannvirkjum og umbúnaði. Einnig vísar hann til samningsins frá 31. maí 1989 til áréttingar því, að leigutaki geti ekki talist bótaskyldur. Miskabótakröfuna styður hann við 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um stefnuáðild vísar hann til V. kafla lögræðislaga nr. 68/1984, um vexti til vaxtalaga og um málskostnað til laga um meðferð einkamála.

Málsástæður skólanefndar og hinna stefndu sveitarsjóða eru reistar á því, að jörðin Laugaland sé í eigu Legatssjóðs Jóns Sigurðssonar að undanteknum 1½ ha kringum skólahúsið sjálft, sbr. dskj. nr. 26. Jörðin sé í leigu skólanefndar, sbr. dskj. nr. 28. Hitaveita Akureyrar hafi rétt til að bora eftir heitu vatni á jörðinni, sbr. dskj. nr. 27, sem gilti á þeim tíma, er slysið varð. Skólabyggingar hafi verið leigðar til hótélrekstrar, er slysið varð. Stefndu eigi enga sök á slysinu né heldur forsvarsmenn þeirra. Þetta hafi verið afhafnasvæði og greinilegt, hvað þarna var á seyði. Hótelgestir hafi ekkert erindi átt þarna né þurft að ganga um og hafi verið varaðir við því. Slysið verði eingöngu rakið til gáleysis hins slasaða, sem stafi umfram allt af eftirlitsskorti foreldra hans, en þeim hafi ekki getað dulist vávænið, þar sem þau hafi mátt sjá bæði rörin og vatnið út um gluggana hjá sér og því borið að halda börnum sínum frá þessu svæði, enda hafi verið vakin athygli sérstaklega á því.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að gáleysi sé einkum um að kenna hinum slasaða og foreldrum hans, sem hugsanlega hafi brugðist eftirlitsskyldum sínum.

Bótakröfu beri að lækka með tilliti til skattfrelsis bóta svo og með tilliti til hagræðis af eingreiðslu. Miskabótakröfu er mótmælt sem algjörlega örökstuddri og allt of hárrí. Til þess bendi m. a. hið lága örorkustig, og alls ekki sé vonlaust, að ör eigi eftir að minnka verulega, og benda til þess ummæli í örorkumati.

Upphaflega fór Ragnar Steinbergsson hrl. með mál þetta fyrir stefndu, en veiktist undir meðferð málsins, og tók þá við því Jón Kr. Sólmes hrl. Útlistar hann málsástæður nánar og bendir á aðildarskort, þar sem jörðin Laugaland á Pelamörk sé í eigu Legatssjóðs Jóns Sigurðssonar og hluti jarðarinnar í leigu skólanefndar. Þá hafi Hitaveita Akureyrar rétt til þess að bora eftir heitu vatni á jörðinni skv. samningi, er í gildi var, og Ferðaskrifstofan Nonni hf., Akureyri, eða Helena Dejak haft mannvirki, byggingar og athafnasvæði skólans á leigu fyrir hótélrekstur, en stefnandi á staðnum sem hótélgestur. Svo sem málatilbúnaði stefnanda sé farið, skorti hér á aðild, og beri því að sýkna stefndu skv. 2. tl. 16. gr. eða vísa málinu frá ex officio skv. 2. mgr. 18. gr. einkamálalaga. Einnig er því sérstaklega mótmælt, að lækisfræðileg örorka leiði til skerðingar á hugsanlegum tekjum í þeim mæli, sem stefnandi haldi fram. Þá beri einnig að lækka bótafjárhæð með hliðsjón af þeim afleiðingum, að hluta líkamstjóns stefnanda megi rekja til þeirrar lækis meðferðar, er hann hlaut eftir slysið.

Til málsástæðna og lagaraka kröfu sinni til stuðnings bendir stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs á, að ekki komi til álita sú málsástæða stefnanda, að það leiði til bótaábyrgðar, að skólastjóri þiggi laun úr ríkissjóði. Pelamerkurskóli er á jörðinni Laugalandi í Glæsibæjarhreppi, en þinglýstur eigandi skv. fasteignabók sé Legatssjóður Jóns Sigurðssonar. Með samningi, dags. 26. september 1962, seldi og afsalaði sjóðurinn 1½ ha undir og umhverfis skólahúsið í túni jarðarinnar. Skv. samningi frá maí 1975 leigi sjóðurinn bæjarsjóði Akureyrar alla nýtingu á heitu vatni úr landi Laugalands. Hinn 10. febrúar 1982 hafi verið gerður samningur milli legatssjóðsins og skólanefndar Pelamerkurskóla um leigu á jörðinni Laugalandi, þó að undanskilinni vatnsorku og hitaréttindum. Árið 1991 sé síðan gerður annar samningur við bæjarsjóð Akureyrar f. h. hitaveitunnar um hitaveituréttindin. Af stefnanda hálfu sé vanreifað, hvar borholan og leiðslan frá henni var og hvar á leiðslunni lekinn var. Sé borholan utan þess svæðis, sem afsalað var heimavistarskólanum, megi ljóst vera, að hún sé stefnda óviðkomandi, og beri því að sýkna hann vegna aðildarskorts. Verði aftur á móti talið, að leiðslan og dýið sé á einhvern hátt tengt starfi skólastjóra, er því algjörlega hafnað, að stefndi beri nokkra bótaábyrgð í málinu. Skv. 1. gr. laga nr. 63/1974 sé ríki og sveitarfélögum skylt að halda skóla fyrir þá, sem nánar

greinir í lögnum. Skv. VI. kafla laga nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur verið gerð breyting á grunnskólalögum. Í þeim sé skýrt tilgreint, hvaða þættir í skólastarfi séu í verkahring ríkis og hvað sé í verkahring sveitarfélaga. Hvor aðili um sig beri ábyrgð á þeim þáttum, sem undir hann heyri. Þannig beri ríkissjóður ábyrgðina, ef vanefnd verði á greiðslum launa til skólastjóra. Sveitarfélag beri á því ábyrgð, ef t. d. sveitarsjóður sinnir ekki skyldu sinni um greiðslu viðhaldskostnaðar. Segja megi, að verkefni ríkisins sé að mestu að sjá um hinn uppeldislega þátt skólastarfsins, en hlutur sveitarfélaga að standa straum af kostnaði af umgjörð þess starfs, umbúnaði og aðstöðu. Skv. 5. mgr. 19. gr. laga nr. 63/1974 skal skólanefnd, sem kosin er af sveitarstjórnnum, sjá til þess, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð o. fl. Skv. 28. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 87/1989, skulu sveitarfélög annast á fullnægjandi hátt viðhald skólahúss og búnaðar og greiða viðhaldskostnað. Skv. 78. gr. grunnskólalaga, sbr. 44. gr. laga nr. 87/1989, greiði sveitarfélög allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta, sem greindir eru í lögnum sem verkefni ríkissjóðs. Megi af þessu ljóst vera, að rekstur og viðhaldskostnaður sé ekki á ábyrgð ríkissjóðs. Skv. 20. gr. grunnskólalaga starfi skólastjóri undir yfirstjórn m. a. menntamálaráðuneytis og skólanefndar, svo að segja megi, að hann hafi tveimur herrum að þjóna, þ. e. a. s. ríki og sveitarfélögum. Sum verkefni séu skólastjóra falin fyrir hönd sveitarfélaganna, t. d. það, að í samráði við skólanefnd skuli aðbúnaður á skólalóð svara kröfum laga og reglugerða, sbr. 6. gr. erindisbréfs skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976. Verkefni, sem í lögum eru bundin við sveitarfélög, geti aldrei verið á ábyrgð ríkissjóðs eingöngu, af því að ríkissjóður greiði skólastjóra laun vegna stjórnunar skólastarfs. Skólastjóri fái laun úr sveitarsjóði vegna setu á skólanefndarfundum. Á það megi benda, að er slysið varð, hafi það ekki verið í neinum tengslum við skólastarf eða rekstur skólans sem kennsluhúsnæðis. Einnig hafi skólastjóri verið í fríi. Tjónþoli hafi ekki verið nemandi í skólanum og ekki verið þarna á vegum skólans, heldur sem hótलगestur, og skólahúsnæðið verið leigt til hótलगrekstrar með heimild í 29. gr. grunnskólalaga, sbr. 38. gr. laga nr. 87/1989. Allar leigutekjur hafi runnið í sveitarsjóð. Af þessu sé einnig ljóst, að öll meðferð og ráðstöfun á skólahúsnæðinu ásamt starfsemi þeirri, er þar fór fram um sumarið, hafi verið stefnda óviðkomandi. Bendir stefndi á, að réttarsambandið milli stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Nonna hf. sé óupplýst. Jafnframt reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að hótलगstjóri hafi varað foreldra tjónþola sérstaklega við dýinu. Þá hafi dýið ekki verið á leiksvæði

barna, og jafnframt hafi rokið úr því, svo að ekki hafi verið hægt að búast við, að börn slysuðust þar niður í. Verði því að telja, að um eigin sök sé að ræða hjá stefnanda. Loks er því gersamlega hafnað, að 118. gr. laga nr. 8/1986 geti átt við í máli þessu.

Að því er varakröfu varðar, verði að taka til eigin sakar og sakar foreldra tjónþola, sem telja verði verulega. Jafnframt séu ekki líkur á því, að aflahæfi tjónþola hafi skerst til frambúðar vegna þessara meiðsla. Ekki verði betur séð en í örorkumatinu felist miski, og sé hans því tvíkrafist í málinu. Þá er krafist lækkunar vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis. Loks er vöxtum og upphafstíma vaxta mótmælt sérstaklega.

Í sundurliðun á stefnufjárhæð, 72.315 kr. sem útlögðum kostnaði, sé þeim lið í fyrsta lagi mótmælt sem ósönnuðum og einnig á það bent, að um geti verið að ræða kostnað, sem teljist til málskostnaðar.

Að öðru leyti vísar stefndi ríkissjóður til málsástæðna og lagaraka meðstefnda. Báðir stefndu bentu á það, að sýking hefði komist í sár Skúla litla, er hann lá á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, og sé sá þáttur málsins óupplýstur og sjúkrahúsið hugsanlega bótaskyld. Þetta telur stefnandi ekki koma málinu við í sjálfu sér, þar sem ávallt sé hætt við sýkingu, sérstaklega þegar um svo mikla áverka sé að ræða, og alls ósannað, að nokkuð hafi skort á umönnun. Stefnandi telur, að því er varðar lóðarmörk skólalóðarinnar, að það skipti í sjálfu sér engu máli, þar sem annars vegar sé byggingarnefnd skólans afsalað 1½ ha á sínum tíma, en síðan sé skólanefnd Þelamerkurskóla frá 1982 leigutaki að allri jörðinni Laugalandi ásamt eyðibýlinu Heiðarhúsum, enda hafi skólastjóri upplýst, að lóðarmörk skólalóðarinnar skipti í sjálfu sér engu máli. Einnig hafi skólastjórinn vottað, að hitaveituleiðslan að sundlauginni væri í eigu skólans, en ekki Hitaveitu Akureyrar. Taldi hann, að lögskil milli Legatssjóðs Jóns Sigurðssonar og Hitaveitu Akureyrar svo og Ferðaskrifstofunnar Nonna hf. og/eða Helenu Dejak væri mál stefndu, en ekki stefnanda. Einnig telur hann, að lög nr. 87/1989 hafi ekki skorið á hin óljósu skil milli stefndu.

Stefndu telja það skipta meginmáli, að ekki sé upplýst, hvort pytturinn var á hinni afsöluðu skólalóð. Bendir stefndi ríkissjóður á, að í samningi Legatssjóðs Jóns Sigurðssonar og bæjarsjóðs Akureyrar á dskj. nr. 27 frá maí 1975, 4. gr., um nýtingu hitavatnsréttinda segi, „að allar skemmdir eða tjón, sem beinlínis stafi af borun eftir eða hagnýtingu á vatninu svo og við gerð nauðsynlegra mannvirkja, ber Akureyrarbæ að greiða, enda sé ekki um að ræða tjón af náttúrunnar völdum“.

Stefnandi telur málsástæður stefndu um aðildina út í hött, og megi nánast jafna því til þess gjörnings, að hann hefði átt að skjóta fyrst og spyrja síðan. Slíkt væri ekki forsvaranlegur málatilbúnaður.

Álit dómsins.

Að því er varðar aðild málsins, fellst dómurinn ekki á þær málsástæður stefndu, að málið varði þá ekki eða öllum sé ekki stefnt. Leigusamningurinn frá 31. 5. 1989 um hótélreksturinn virðist samkvæmt efni sínu ná eingöngu til húsnæðis skólans, og samkvæmt framburði húsvarðar og hótélstjóra virðist húsvörður hafa annast störf utan húss, samanber það, að hann er við slátt og hylur pyttinn, auk heldur, að hann telur það í sínum verkahring að gera við hitavatnsleiðsluna, sem hann vissi, að var biluð. Um bilunina vissi skólastjóri einnig. Hótélstjórinn ber að hafa ekki um bilunina vitað og viðvaranir hans við hótélgesti fólgist í því að vara við hættnu af Hörgá, sem rennur þarna rétt vestan við skólahúsin undir bröttum bökkum. Um Legatssjóð Jóns Sigurðssonar og Hitaveitu Akureyrar gildir, að aðild þeirra sé langsótt og skólastjóri beri, að hin bilaða hitaveituæð hafi verið eign skólans. Ekki verður séð, hver þáttur Hitaveitu Akureyrar er í málinu, enda þótt hitaveitan hafi rétt til nýtingar jarðhita jarðarinnar. Ekki verður heldur séð, hver hlutur legatssjóðs sem landeiganda og leigusala landsins var. Um þátt Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í sýkingu þeirri, er í brunasárin kom, er allt ósannað, þ. e. a. s., hvort skort hafi á umönnun og hvert vægi sýkingarinnar eða afleiðingar hennar séu í örorkunni. Er því ekki um þessa málsástæðu stefndu fjallað frekar, þar sem hér er um að ræða atriði, sem stefndu bar að sanna, hygðust þeir reisa varnir sínar á þessu. Er því ekki fallist á sýknu eða frávísunarkröfu stefndu vegna aðildar málsins.

Til að kanna aðstæður gekk dómari á vettvang ásamt lögmönnum aðila og skólastjóra. Sýndi skólastjóri, hvar pytturinn hafði verið vestan vestari aðalbyggingar skólahússins og innan (austan) girðingar, sem afmarkar skólalóðina/jörðina meðfram hinum bratta bakka, er liggur vestur að Hörgá. Þykir dómnum eftir þessum ummerkjum líklegt, að pytturinn hafi verið innan hinnar afsöluðu skólalóðar eða a. m. k. innan skólalóðarinnar, því að grassláttur húsvarðarins virðist frekar hafa verið eins og garðsláttur, en ekki venjulegur túnasláttur. Lega pyttins í landi jarðarinnar skiptir þó ekki neinu meginmáli að mati dómsins, því að hann hefur verið innan afmarkaðra lóðarmarka, og auk þess hefur hin stefnda skólanefnd afnot allrar jarðarinnar samkvæmt leigusamningi frá 10. febrúar 1982. Bar skólastjóri, að mörkin milli eignarlóðar skólans og annars lands jarðarinnar skiptu ekki máli í raun. Á það ber hins vegar að líta, að mörk hins afsalaða jarðarhluta, 1½ ha, eru ekki skilgreind í afsali.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en plankar þeir, er húsvörðurinn lagði yfir pyttinn, hafi verið fjarlægðir, áður en slysið varð, og að

auki grasi dreift yfir hann. Hefur hann því verið óvarinn og grashulan vafalaust hulið hann.

Sannað verður að telja, að bæði húsvörður og skólastjóri vissu um lekann á leiðslunni og húsverðinum ekki dulist hættan, er hann byrgði pyttinn. Óupplýst er, hver raskaði þeim ráðstöfunum, er húsvörður gerði í varnaðarskyni. Dómurinn telur, að óforsvaranlegt hafi verið að girða pyttinn ekki af eða gera einhverjar þær ráðstafanir, að ókunnugir færu þar ekki ofan í, að ógleymdri viðgerð á sjálfri aðalæðinni. Telur dómurinn, að skylda þessi hafi hvílt á húsverði og skólastjóra.

Eins og rakið er í framburði skólastjóra, telur hann stöðu sína stjórnunarlega óþolandi, þar sem hann þiggur laun frá stefnda ríkissjóði og er hæstaráðandi, er skólinn starfar, og húsvörður þá undir hans stjórn, þiggjandi laun frá hinum stefndu sveitarsjóðum. Svo virðist sem húsvörður hafi talið sig heyra stjórnunarlega undir skólastjóra utan skólaársins. Er slíkt eðlilegt, enda myndi það bjóða hættu heim í stjórnun skóla, ef hlutverkaskipti yrðu á skólastað eftir árstímum. Skólastjóri er í erfiðri aðstöðu, þar sem hann þjónar þremur herrum, þ. e. a. s. öllum stefndu í máli þessu.

Eins og málinu er háttað, þykja ekki efni til að skipta ábyrgð stefndu á athöfnum eða athafnaleysi þessara starfsmanna sinna eftir árstíðum, þar sem ljóst er, hve samvinnuð þessi stjórnunartengsl eru, heldur beri þeir óskipta sök.

Að því er skaðabótaskyldu stefndu varðar, fellst dómurinn á þá málsástæðu stefnanda, að stefndu beri ábyrgð á þeirri vanrækslu starfsmanna sinna að koma ekki í veg fyrir þá hættu, er stafaði af pyttinum og þeim mátti vera fullkunnugt um og útlátalítið að verjast, enda þótt meira fyrirtæki væri að skipta um eða gera við leiðsluna.

Á þá málsástæðu stefndu, að um sé að ræða eigin sök tjónþola eða aðgæsluleysi foreldra hans, fellst dómurinn ekki. Drengurinn, sem var sex ára, ætlaði að skoða blóm í gróðurhúsi þarna á lóðinni, og ekkert er um það leitt í ljós, að hann hafi sýnt af sér ógætilega hegðan. Vitað var af hættunni, sem stafaði af Hörgá, í túnfætinum, en starfsmenn stefndu vissu af lekanum. Stefnandi kom á slysstað fljótlega. Samkvæmt þessu bera stefndu bótaskyldu að fullu.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig: höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps 578.800 kr., verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 34.700 kr., örorkutjón alls 613.500 kr., útlagður kostnaður 72.315 kr., og miskabætur 1.000.000 kr., stefnufjárhæð alls 1.685.815 kr. Tjón vegna vinnutekjutaps og tapaðra lífeyrisréttinda, alls 613.500 kr., er tekið til greina að fullu. Að því er varðar kröfuna um útlagðan kostnað, 72.315 kr., fellst dómurinn á þá málsástæðu

stefndu, að hér sé um að ræða málskostnaðarkröfu, og verður tekið tillit til hennar við ákvörðun málskostnaðar. Að því er miskabótakröfuna, 1.000.000 kr., varðar, er ljóst, að sennilegt má telja, að menjar slyssins beri tjónþoli ævilangt og muni þær takmarka t. d. starfsval hans og valda honum ýmsum óþægindum ævilangt, auk þess, að í augum uppi liggur, að drengurinn hlýtur að hafa tekið út miklar þjáningar. Í ljósi þessa þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 kr. Að teknu tilliti til skattfrelsis bóta, skattskyldu barna auk hagræðis eingreiðslu þykja heildarskaðabætur til tjónþola hæfilega ákveðnar 1.150.000 kr.

Þá ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda. Við ákvörðun málskostnaðar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá ber stefndu að greiða stefnanda vexti samkvæmt kröfugerð stefnanda.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, skólanefnd Pelamerkurskóla, sveitarsjóður Arnarneshrepps, sveitarsjóður Glæsibæjarhrepps, sveitarsjóður Skriðuhrepps og sveitarsjóður Öxnadalshrepps og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Skúla Aðalsteinssyni f. h. ófjárráða sonar síns, Skúla Skúlasonar, in solidum 1.150.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 15. gr. vaxtalaga frá 7. ágúst 1991, og leggjast dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 7. ágúst 1992, til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
